

Áfangalýsing		
ADFE2HN05CH Miðlun Námsgrein: Aðferðafræði	Einingar 5	Hæfniprep 2
Lýsing Í áfanganum kynnast nemendur vinnu með mismunandi miðla í verkefnavinnu. Byggt er á verklegri þjálfun þar sem unnið er með forritin illustrator, indesign og photoshop. Nemendur öðlast skilning á möguleikum forritanna og færni í vinnu með þau. Unnið er með táknmál lita, form, myndbyggingu, ljósmyndir, letur og texta í fjölbreyttri verkefnavinnu.		
Forkröfur: ADFE2HN05BH		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - gerð og miðlun efnis í vinnu með teikniforrit, myndvinnsluforrit og forrit til uppsetningar á texta og myndum - möguleikum mismundi forrita í framsetningu og hönnun - vinnu með myndir, teikningar, letur og texta - tengingu viðfangsefna við táknmál lita, myndbyggingu, form og letur. - aðferðum við að þróa og tengja saman hugmynd og verklega framkvæmd		
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - miðla verkefnum á fjölbreyttan hátt - vinna með myndir, teikningar, letur og texta í viðeigandi forritum - tengja viðfangsefni við táknmál lita, myndbyggingu, form og letur - nýta sér viðeigandi forrit við gerð og framsetningu hugmynda og úrlausna - sýna sjálfstæði og persónulega sýn í verkefnavinnu		
Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - velja viðeigandi miðil í vinnu með hugmyndir og verkefni - miðla og setja verkefni fram á skýran og skapandi hátt - sýna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum - geta kynnt og fjallað um eigin verkefni og annarra á gagnrýnin hátt		
Námsmat Námsmat er skilgreint í námsáætlun í samræmi við skólanámskrá og nánar útfært í verklagsreglum skólans sem birtar eru í gæðahandbók.		
Grunnþættir og lykilhæfni Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfanga- lýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.		